

Fjölmenningarstefna

VOPNAFJARÐARHREPPS

Vopnafjarðarhreppur
FJÖLMENINGARSTEFNA VOPNAFJARÐARHREPPS |

Aðgerðaráætlun

Formáli

Í september 2023 voru Vopnfirðingar 670 talsins. Þar af 80 einstaklingar erlendir ríkisborgarar. Á Vopnafirði eru innflytjendur af um 25 þjóðernum, flestir frá Póllandi.

		Ísl. ríkisborgarar	Erl. ríkisborgarar
2023Á3	Vopnafjarðarhreppur	590	80

Mannfjöldi á Vopnafirði 2023Á3

Þegar farið var í vinnu við fjölmeningarstefnu Vopnafjarðarhrepps voru skoðaðar stefnur hjá öðrum sveitarfélögum og eins var skýrsla frá SSA höfð til hliðsjónar (Stjórnarráðið, 2007).

Þar segir meðal annars að „*Sveitarfélög þurfa að móta sér fjölmeningarstefnu sem áhersla er m.a. lögð á virka þátttöku íbúanna í samfélaginu, jafnrétti og gagnkvæma virðingu í samskiptum fólks af mismunandi uppruna*“ (2007).

Íslenskukunnátta nýbúa:

Það er staðreynd að góð íslenskukunnátta íbúa af erlendum uppruna er einn mikilvægasti þátturinn sem hefur áhrif á hvernig til tekst með þátttöku einstaklinga í samfélaginu og hvernig þeim farnast.

Mikilvægt er að sveitarfélög beiti sér fyrir því að ætíð sé til staðar fullnægjandi framboð á námskeiðum. Stórauka þarf íslenskukennslu og gera hana einstaklingsmiðaða (SSA, 2007).

Undirbúning að stefnunni vann Þórhildur Sigurðardóttir verkefnisstjóri frístunda- æskulýðs- og fjölmeningarmála. Stefnan var send 5. maí 2020 til

fræðslunefndar, velferðarnefndar, menningarmálanefndar sem og til skólustjóra grunn- og leikskóla til yfirlstrar og athugasemda. Engar athugasemdir komu inn. Stefnan var endurskoðuð í mars 2024 og send til sveitarstjórnar til samþykkis.

Inngangur

Í fámennum sveitafélögum eins og á Austurlandi er mögulegt að tekið verði á móti nýjum íbúa af erlendum uppruna með persónulegum hætti. Við þær aðstæður má upplýsa viðkomandi um helstu atriði samfélagsins eins og þjónustu, réttindi og aðrar upplýsingar. Hægt væri að fela ákveðnum starfsmanni sveitarfélagsins móttökuhlutverk. Með þessum hætti mætti ná mun skjótar til nýbúa og flýta fyrir tengslum og þátttöku þeirra í samfélaginu. Móttaka yrði þannig að um leið og sveitarfélag hefur fengið upplýsingar um búsetu íbúa af erlendum uppruna í samfélaginu er viðkomandi sent bréf þar sem boðið er upp á heimsókn starfsmanns sveitarfélagsins til íbúans eða að íbúanum væri boðið á skrifstofu sveitarfélagsins. Þessu bréfi mætti fylgja eftir með símtali.

Leiðarljós

Allir íbúar sveitarfélagsins skulu njóta fjölbreytts mannlífs og menningar þar sem samkennd, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkennir samskipti fólks. Starfsmenn Vopnafjarðarhrepps skulu ávallt leitast við að bjóða öllum íbúum sveitarfélagsins sömu þjónustu óháð þjóðerni þeirra og uppruna. Stofnanir sveitarfélagsins geri ráð fyrir ólíkum aðstæðum fólks og komi til móts við sérstakar þarfir þeirra þannig að þeir geti hvarvetna verið virkir þátttakendur.

Allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna (Mannréttindasáttmáli, 65/1995).

Þjónusta Vopnafjarðarhrepps

Vopnafjarðarhreppur markar sér stefnu sem tekur tillit til fólks af erlendum uppruna og skal sérstaklega huga að túlkajónustu og þýðingu eyðublaða yfir á önnur tungumál. Íbúar Vopnafjarðarhrepps geti sótt grunnupplýsingar á íslensku, pólsku og ensku á vef sveitafélagsins.

Verkefnisstjóri fjölmeningamála verður til viðtals og aðstoðar fyrir erlenda íbúa eftir þörfum. Nánari upplýsingar um viðtalstíma og tengiliðaupplýsingar verkefnisstjóra fjölmeningarmála má finna á heimasíðu sveitafélagsins.

Markmið

- Að þátttaka og virkni allra íbúa sé aukin
- Innflytjendur aðlagast samfélaginu vel og taki virkan þátt og fjölmening blómstri á Vopnafirði.
- Skrifstofa Vopnafjarðarhrepps verði skilgreind sem mikilvæg þjónustustöð þar sem verkefnisstjóri fjölmeningarmála sér um fyrstu móttöku og upplýsingagjöf. Þar fer skráning búsetu fram og þar verði afhentar grunnupplýsingar og leiðbeiningar.

- Leitast verði við að bjóða þjónustu á nokkrum tungumálum eða bæklingar frá fjölmeningarsetri verði notaðir þar sem þeir eru á mörgum tungumálum.
- Að til sé móttökuferli/flæðirit (fastar vinnureglur).
- Gert verði ráð fyrir að nýbúum sé boðið uppá móttökuvíðtöl
- Gott aðgengi að túlkþjónustu
- Mótaðar verði viðmiðunarreglur fyrir allt kerfið um notkun túlka

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Að tekið sé vel á móti nýjum íbúum, öll þjónusta Vopnafjarðarhrepps við þá sé samþætt og allar grunnupplýsingar aðgengilegar á einum stað.	Allir	
Að Vopnafjarðarhreppur geri móttökuáætlun fyrir innflytjendur.	Verkefnisstjóri fjölmeningarmála og fjölskyldráð	
Ábyrgðaraðili upplýsir og aðstoðar (kennitala, lögheimili, heilbrigðissskoðun, dvalarleyfi o.fl.). Fastar verkreglur.	Verkefnisstjóri fjölmeningarmála	
Tekinn verður saman listi yfir þær upplýsingar og tengla sem eru nauðsynlegir eða gagnlegir fyrir nýja íbúa. Þær upplýsingar verði þýddar á ensku og pólsku og settar á heimasíðu. Þar verða einnig upplýsingar fyrir aðflutta. Heimasíðan verður uppfærð reglulega. Leitast verður við að tryggja að nýir íbúar viti af síðunni, m.a. með því að kynna hana fyrir	Verkefnisstjóri fjölmeningarmála og vefumsjón	

<p>atvinnurekendum. Á henni verður hlekkur þar sem hægt er að senda inn fyrirspurn.</p>		
<p>Leitast verði við að bjóða þjónustu á nokkrum tungumálum eða bæklingar frá fjölmeningarsetri eru notaðir þar sem þeir eru á mörgum tungumálum.</p>	<p>Verkefnisstjóri fjölmeningarmála</p>	
<p>Á heimasíðunni verður PDF skjal með helstu upplýsingum fyrir nýja íbúa, A4 blað sem ætlað er til að prenta út fyrir þá sem það vilja til dæmis atvinnurekendur.</p>	<p>Vefumsjón.</p>	
<p>Stefnt er að því að almenn umsóknareyðublöð (tónlistarskóli og leikskóla og fl.) verði á ensku og pólsku (umsóknareyðublöð um leikskólaláss eru til á pólsku og ensku á leikskóla).</p>	<p>Vefumsjón.</p>	
<p>Sveitarfélagið taki ákvörðun um hvernig tryggja skuli aðgengi að vandaðri túlkþjónustu. Þar er m.a. horft til þess að fyllsta trúnaðar sé gætt, og tryggt að börn séu ekki í túlkahlutverki. Listi yfir túlka verður útbúinn og fjármagn tryggt fyrir þjónustunni.</p>	<p>Fjölskylduráð</p>	
<p>Þjónustusamningur félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðarhrepps kynntur íbúum sveitarfélagsins og stefnt að því að auka sýnileika félagsþjónustunnar á svæðinu.</p>	<p>Fjölskylduráð</p>	

Gott samfélag

Ekki má gleyma því að erlendir innflytjendur á Vopnafirði eru með misjafnar þarfir en finna þarf eitthvað sem þeir eiga sameiginlegt með öðrum Vopnfirðingum.

Þeir einstaklingar sem hafa verið hér lengur og eru virkir þátttakendur í samfélaginu gætu miðlað upplýsingum til samlanda sinna í samstarfi við verkefnisstjóra fjölmeningarmála.

Vopnafjörður er sveitarfélag þar sem stuðlað er að öflugum íþróttá-, tómstunda- og menningarlífi. Sveitarfélagið skal stuðla að því að öllum íbúum sé kleift að miðla menningu sinni, þekkingu og reynslu til annarra íbúa á Vopnafirði.

Starfsmönnum sveitarfélagsins skal gert kleift að sækja íslenskunámskeið.

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Kynna skal nýjum íbúum það tómstundastarf sem er í boði í sveitarfélaginu.	Verkefnisstjóri fjölmeningarmála.	
Tímatafla og þjónusta íþróttahúss sé aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.	Vefumsjón	
Í febrúar er haldinn viðburður til að bjóða nýja íbúa velkomna, t.d. fjölmeningardagur eða ferð með leiðsögn um svæðið.	Verkefnisstjóri fjölmeningarmála og menningar- og atvinnumálanefnd.	
Nýjum íbúum sé við fyrsta tækifæri gerð grein fyrir möguleikum þeirra til að læra íslensku.	Austurbrú Verkefnisstjóri fjölmeningarmála.	
Þjónusta bókasafns taki í auknum mæli mið af þörfum nýrra íbúa. Athugaðir eru möguleikar á lengri opnunartímum á bókasafninu, setustofu, kaffi, bókaskiptum (book exchange) og bókum á öðrum tungumálum.	Starfsmaður bókasafns í samstarfi við verkefnisstjóra fjölmeningarmála	

Fræðslumál



Vopnafjarðarhreppur er að vinna að því að verða barnvænt sveitafélag en í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að börn eiga rétt á að iðka eigin trú, tala sitt tungumál og viðhalda menningu sinni.

Skólastarf

Leggja skal áherslu á kennsluhætti sem henta börnum af erlendum uppruna og koma til móts við þarfir þeirra. Ganga skal út frá því að kennda um menningu og uppruna nemenda sé á jafnréttisgrunni með það að markmiði að auka skilning allra nemenda á mismunandi aðstæðum þeirra og draga úr fordómum.

Samskipti heimila og skóla skulu vera með þeim hætti að fólk af erlendum uppruna öðlist skilning á íslensku skólastarfi og námi barna sinna. Kynning á skólastarfi og forsendum þess skal fara fram í upphafi náms. Ekki er gerður greinarmunur á leik- og grunnskólum í þessu sambandi.

Markmið

Að tekið sé vel á móti nýbúum þegar þeir hefja nám og aðlögun þeirra að íslensku skólakerfi verði þeim þægileg.

Leiðir:

Að leik- og grunnskólar séu með fastar vinnureglur hvernig tekið er á móti barni í skólanum.

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Leik- og grunnskóli skulu í samvinnu móta verkferla og fara eftir þeim við móttöku nýrra nemenda.	Skólastjórar og fjölskylduráð	
Leik- og grunnskólar skulu leggja mikla áherslu á að kenna erlendum börnum íslensku en jafnframt hvetja foreldra til að kenna þeim móðurmálið. Líta þarf á komu nemenda af erlendum uppruna sem viðfangsefni alls skólasamfélagsins þar sem allir kennarar og allt starfsfólk eru íslenskukennarar. Skólarnir skapi vettvang í samvinnu við foreldra til þess að halda utan um móðurmálskenndu.	Skólastjórar og fjölskyldurráð	
Lögð verði áhersla á samskipti heimilis og skóla. Tryggja að foreldrar fái nauðsynlegar upplýsingar á fleiri tungumálum, bæði til að öðlast skilning á skólakerfinu og námi barna sinna ásamt tómstunda- og íþróttastarfi.	Skólastjórar	
Leik- og grunnskólar vinni í sameiningu kynningarefni með því helsta er varðar skólagöngu barnsins. Hver einstaklingur fái tengilið úr hópi starfsfólks ef þurfa þykir.	Skólastjórar og fjölskylduráð	

Markviss fjölmenningsfræðsla fari fram í skólunum sem hægt verður að tengja við fjölmenningshátíð Vopnafjarðar.

Skólastjórnendur í samvinnu við fjölmenningsfulltrúa.

Samþykkt af

Heimildir

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

<https://www.barnasattmali.is/>

Hagstofa. (2023). Mannfjöldi eftir sveitafélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2010-2023

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN10001.px/table/tableViewLayout2/

Mannréttindasáttmáli sameinuðu þjóðanna. (1995).

<http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/ymiss-mannrettindi/bann-vid-mismunun>

Samband íslenskra sveitafélaga. (2007). *Svona gerum við-skýrsla um innflytendamál sótt:*

https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/Svona_gerum_vid_-_skyrsla_um_innflytjendamal.pdf